

Ég fer í kóróna-veirupróf heima



Ég gæti verið lasin(n) eða verið með eða flensueinkenni.

Það getur verið að ég sé með hita, hósta eða eigi erfitt með að anda. Þetta geta verið einkenni um Kóróna-veiruna.



FEVER



COUGH



SHORTNESS
OF BREATH



SORE THROAT



HEADACHE



Læknirinn minn vill að ég fari í próf til að finna hvað það er sem gerir mig veika(n). Það getur verið flensa, slæmt kvef eða nýja kóróna-veiran.

Ég þarf að nota grímu þegar ég er nálægt öðrum þar til búið er að fá niðurstöðu úr prófinu. Fólkið í kringum mig verður líka með grímu.



Hjúkrunarfræðingur eða læknir kemur heim og gerir prófið.



Hjúkrunarfræðingurinn/læknirinn verður í sérstökum fötum þegar hann kemur, með grímu fyrir andlitinu, í sérstökum slöpp og með vörn fyrir andlitinu. Fólkið í kringum mig verður líka með vörn fyrir andlitinu.



Þetta er til að stoppa sýkla frá því að dreifast til annars fólks eða mín.

Læknirinn eða hjúkrunarfræðingurinn framkvæmir sérstakt próf til að sjá hvað það er sem lætur mig vera veikan(n). Til að gera prófið þarf hjúkrunarfræðingurinn eða læknirinn að setja pinna inn í nefið mitt **og/eða** munninn.



Það getur verið skrítið eða óþægilegt, en það tekur bara nokkrar sekúndur. Ég get gert það!



Ég verð í herberginu mínu og hvíli mig, borða og geri eitthvað rólegt þar til niðurstöðurnar koma. Ef ég er með veiruna þá verð ég í herberginu mínu þangað til mér líður betur og læknarnir segja að ég megi koma fram aftur.